



# **„Það er bara fínt að læra stafina“**

Próun læsis í leikskóla

**Halldóra Magnúsdóttir og Ingunn Ósk Ingvarsdóttir**

Lokaverkefni til B.Ed-prófs

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**



**„Það er bara fínt að læra stafina“**

***Þróun læsis í leikskóla***

**Halldóra Magnúsdóttir og Ingunn Ósk Ingvarsdóttir**

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í leikskólakennarafræðum

Leiðsögukennari: Rannveig Auður Jóhannsdóttir

Leikskólakennaradeild  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2012

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed. prófs í Leikskólakennarafræðum. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfunda.

© Halldóra Magnúsdóttir og Ingunn Ósk Ingvarsdóttir 2012

Prentun: Prentsmiðjan Stapaprent  
Reykjanesbær, 2012

## Ágrip

Ritgerð þessi er lokaverkefni til B.Ed. gráðu í leikskólakennarafræðum við Mennta-  
vísindasvið Háskóla Íslands. Meginmarkmið ritgerðarinnar er að fjalla um læsi í leik-  
skólanum, hvernig læsi þróast hjá börnum og hvaða námsaðferðir innan leikskólans er  
verið að nota. Lagt er upp með rannsóknarspurninguna: Hvað gerum við í leikskólanum  
til að örva læsi?

Ritgerðin inniheldur umfjöllun um leikskólann á Íslandi og þá hvernig þróun hans hefur  
orðið í þessa veru. Þáttur nokkurra fræðimanna sem koma að leikskólanum er kynntur.  
Leikurinn og áhrifamáttur hans er skoðaður með tilliti til læsis. Gerð er grein fyrir helstu  
hugtökum og þeim þáttum í lestrarferlinu sem eru mikilvægir en málþroski, orðaforði  
og góð hljóðkerfisvitund eru þættir sem skipta miklu máli þegar kemur að lestrarnámi.  
Lokakaflinn fjallar um læsi í starfi tveggja leikskóla þar sem kynnt er lestrarhvetjandi  
námsefni sem höfundar hafa notað í sínu starfi í leikskólanum.

Niðurstöður ritgerðarinnar eru einkum þær að leikskólakennarinn þarf að vera vel að sér  
í þróun læsis til að geta leiðbeint börnunum í gegnum leikinn og að val á námsefni  
leikskólabarnanna með tilliti til læsis skiptir miklu máli.

## **Abstract**

This B.Ed. thesis is a final assignment for the Preschool Teacher Education undergraduate programme at the School of Education, University of Iceland. Its main objective is to discuss the issue of preschool literacy, how literacy develops in children and the teaching methods currently deployed. It addresses the research question: What is being done in preschool to stimulate literacy?

The thesis discusses the Icelandic preschool and its development in this respect. The impacts of a few scholars who address preschool issues are introduced. The play and its influence on literacy are explored. Predominant concepts are explained as well as the primary elements that make up the literacy process, where language development, vocabulary and good phonological awareness play an important part when learning how to read. The final chapter discusses literacy programmes in two preschools where read-encouraging material is introduced that the authors have used in their preschool work. The thesis comes to the conclusions that the preschool teacher needs to be well educated in the development of literacy to be able to teach the children through play and that the choice of reading material for preschool children in terms of literacy matters greatly.

# Efnisyfirlit

<b>FORMÁLI</b> .....	<b>2</b>
<b>1 INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
<b>2 LEIKSKÓLINN</b> .....	<b>4</b>
2.1 KYNNING Á LEIKSKÓLA A.....	6
2.1.1 Læsi í leikskóla A.....	7
2.2 KYNNING Á LEIKSKÓLA B.....	7
2.2.1 Leikur og nám / nám og leikur.....	8
2.2.2 Mál og læsi.....	8
2.3 SAMANTEKT ÞESSARA TVEGGJA LEIKSKÓLA.....	9
<b>3 KENNINGAR FRÆÐIMANNA UM LEIK OG NÁM BARNA</b> .....	<b>9</b>
<b>4 LEIKURINN SEM NÁMSLEIÐ BARNISINS</b> .....	<b>11</b>
4.1 HVAÐ ER LEIKUR?.....	11
4.2 LEIKURINN SAMKVÆMT AÐALNÁMSKRÁ LEIKSKÓLA .....	12
4.3 LEIKUR OG NÁM.....	12
4.4 LEIKURINN Í LEIKSKÓLANUM .....	13
4.5 GAGNRÝNI Á LEIKINN .....	14
4.6 LEIKUR OG LÆSI .....	14
4.7 HLUTVERK LEIKSKÓLAKENNARA Í LEIK BARNA.....	15
4.8 SKÓLANÁMSKRÁ .....	16
4.9 NÁMSKRÁIN Í „VEGGJUM“ LEIKSKÓLANS .....	16
<b>5 LÆSI</b> .....	<b>17</b>
5.1 MÁLÞROSKI/MÁLSKILNINGUR .....	18
5.2 HLJÓÐKERFISVITUND.....	19
5.3 LESTRARÞRÓUN .....	19
5.4 RITUN.....	21
<b>6 LÆSI Í STARFI TVEGGJA LEIKSKÓLA</b> .....	<b>22</b>
6.1 LESTRAR OG SKRIFTARHVETJANDI UMHVERFI.....	22
6.2 MÁLFRÍÐUR OG STÓRFRÍÐUR.....	22
6.3 TÍU VIKNA LESTRAR- OG SKRIFTARKENNSLA .....	23
6.4 SJÓNÆNN ORÐALESTUR .....	24
6.5 ORÐASPJALL.....	24
6.6 LÆSISHVETJANDI NÁMSEFNI .....	25
6.7 SAMANTEKT.....	28
<b>7 NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>29</b>
<b>8 LOKAORÐ</b> .....	<b>31</b>
<b>HEIMILDASKRÁ</b> .....	<b>32</b>

## Formáli

Við viljum þakka leiðbeinanda okkar Rannveigu Auði Jóhannsdóttur fyrir hvetjandi, uppbyggjandi og góða leiðsögn. Jafnframt viljum við þakka henni fyrir óbilandi trú á okkur og skemmtilega og jafnframt gagnlega fundi sem við áttum með henni.

Brynju Aðalbergsdóttur, Birni Herbert Guðbjörnssyni og Ingu Maríu Ingvarsdóttur þökkum við af alhug fyrir hvatningu, yfirlestur og þolinmæði á meðan á ritgerðinni stóð.

Höfundar vilja að lokum þakka fjölskyldum sínum fyrir að standa við bakið á okkur, hvetja og gefa góð ráð og vera andlegur stuðningur við okkur.

Þetta lokaverkefni er samið af okkur undirrituðum og án aðstoðar utan þeirra sem tilgreindir eru og þökkuð í þessum formála. Við höfum kynnt okkur *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Við vísum til alls efnis sem við höfum sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Við þökkum öllum sem lagt hafa okkur lið með einum eða öðrum hætti en berum sjálfar ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfestum við með undirskrift okkar.

Reykjanesbær, 1. maí 2012

---



# 1 Inngangur

„Það er bara fínt að læra stafina“ sagði strákurinn við leikskólakennarann upp úr eins manns hljóði. Rannsóknir síðustu ára hafa sýnt fram á að þróun læsis byrjar miklu fyrr en áður var talið. Börn þróa með sér læsi allt frá fæðingu samhliða málþroskanum. Hlutverk leikskólakennarans er mikilvægt þegar kemur að því að þróa og styðja við læsisþroska barna í leikskólanum. Í dag er leikskólinn skilgreindur sem fyrsta skólastig barnsins og því mikilvægt að börn á leikskólaaldri fái tækifæri til að læra í gegnum leikinn en nám barnsins fer að stórum hluta í gegnum hann. Stafainnlögn í leikskólum hefur verið að ryðja sér til rúms á síðastliðnum árum.

Töluverð umræða hefur átt sér stað í Þjóðfélaginu vegna lélegs gengis íslenskra barna í PISA könnunum. Kennarar hafa tekið þessa umræðu til sín og velt því upp hvað sé hægt að gera til að bæta þennan slaka árangur. Höfundar ritgerðarinnar hófu þá vinnu við að kanna hvað væri verið að gera í leikskólanum varðandi læsi. Ígrundunin hófst í heimaskólum höfundanna. Lagt var upp með rannsóknarspurninguna: Hvað gerum við í leikskólanum til að örva læsi? Leitast verður við að svara þessari spurningu og þær aðferðir sem notaðar eru við að þróa læsi í leikskólanum skoðaðar.

Ritgerðinni er skipt niður í fimm meginkafla. Í þeim fyrsta er fjallað um þróun leikskólans á Íslandi ásamt því að skoða tvo leikskóla nánar þá með tilliti til stefnu þeirra. Annar hluti ritgerðarinnar fjallar um kenningar nokkurra fræðimanna sem leikskólarnir tveir geta tengt sig við á margan hátt. Þriðji hluti ritgerðarinnar fjallar um leikinn sem námsleið barnsins. Þar er farið í skilgreiningu á leiknum, leik og nám, gagnrýni á leikinn ásamt hlutverki leikskólakennarans. Fjórði kaflinn fjallar um læsi í leikskóla og hugmyndafræði, bernskulæsi ásamt lestrarþróun. Lokakaflinn fjallar um læsi í starfi tveggja leikskóla þar sem höfundar kynna nánar fyrir lesandanum hvað það er sem virkar í leikskólastarfinu þegar kemur að námsefni varðandi læsi. Þar er áralangri reynslu höfunda beitt við að kynna það námsefni sem höfundar hafa unnið með og kynnst af eigin raun í starfi sínu sem leikskólakennarar í Reykjanesbæ.

## 2 Leikskólinn

Leikskóli er samfélag. Í samfélagi leikskólans koma fram grunnþættir menntunar eins og læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun (Mennta- og menningamálaráðuneyti, 2011). Huga þarf að því að sinna öllum þessum þáttum og rækta þá innan leikskólans. Samfélag leikskólans hefur margar birtingamyndir þar sem hver leikskóli hefur sína sérstöðu hvað varðar stefnur og leiðir sem skólinn kys að starfa eftir. Foreldrar hafa val um í hvaða leikskóla þeir setja börnin sín. Leikskólinn er í dag annarsvegar menntastofnun og hinsvegar þjónustustofnun.

Ef skoðuð er saga leikskólans á Íslandi má segja að hún hafi hafist 1894 þegar Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1856-1940) lagði til að stofnuð yrði uppeldisstofnun þar sem smábörn væru í gæslu á daginn (Jón Torfi Jónasson, 2006). Barnavinafélagið Sumargjöf var síðan stofnað 1924 að frumkvæði Bandalags kvenna og starfrækti félagið í fyrstu dagheimili tvo mánuði á ári. Í byrjun var hlutverk þess einkum að styðja útvinnandi mæður og fátæka foreldra, þar sem megináhersla var lögð á að veita börnum tilfinninga- og líkamlega umhyggju, hlýju og öryggi, holla næringu og hreinlæti (Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Fyrsti leikskólinn var stofnaður 1931.

Með árunum breyttust áherslur leikskólans. Með aukinni jafnréttisbaráttu kynjanna fóru konur að sækja í auknum mæli út á vinnumarkaðinn sem kallaði á fjölgun leikskóla og dagheimila. Árið 1973 voru dagheimili og leikskólar settir undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Árið 1981 samþykkti Alþingi breytingartillögu við löggin um dagvistarheimili þar sem bætt var inn í löggin ákvæði um gerð námskrár sem kvæði nánar á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum. Breytingarnar höfðu einkum það í för með sér að starf leikskóla og dagheimila var orðið hluti af skólakerfinu. Valborg Sigurðardóttir var fengin til að hafa yfirumsjón með gerð námskrárinnar sem fékk heitið Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili. Í erindisbréfi Valborgar segir: „Starfsáætlunin skal byggjast á fræðilegum grunni í samræmi við þá þekkingu sem menn hafa í barnasálfræði og uppeldisfræði og með hliðsjón af álitsgerðum sem hafa verið lagðar fram af ýmsum aðilum sem ráðuneytið hefur leitað álits hjá.“ (Menntamálaráðuneytið, 1985). Með tilkomu uppeldisáætlunar var komið vinnuþag sem öllum leikskólum var skylt að vinna eftir. Innihald uppeldisáætlunarinnar var markmið, leiðir og stefnur í starfi með

börnum. Uppeldisáætlunin markaði tímamót fyrir innra starf leikskóla og dagvistarheimila og var undanfari aðalnámskrár leikskóla sem kom út árið 1999 (Jóhanna Einarsdóttir, 2007).

Með Uppeldisáætluninni var komin námskrá sem krafðist þess að unnið væri eftir henni þar sem hver leikskóli setti sér markmið og leiðir til að starfa eftir.

Með lögum um leikskóla árið 1991 voru dagvistarheimili og dagheimili lögð niður og leikskólar tóku við uppeldi og menntun barna að skólaskyldualdri (Lög um leikskóla, nr. 48/1991). Árið 1994 var leikskólinn skilgreindur sem fyrsta skólastigið í skólakerfinu, starfsheitið fóstura lagt niður og heitið leikskólakennari tekið upp í staðinn (Lög um leikskóla, nr. 78/1994). Í kjölfar þess að leikskólinn var orðinn fyrsta skólastigið jukust kröfur um fagleg vinnubrögð enn frekar. Eins og fyrr segir markaði Uppeldisáætlunin tímamót í innra starfi leikskólans og var hún undanfari Aðalnámskrá leikskóla sem kom út árið 1999. Árið 2011 gaf Mennta-og menningamálaráðuneytið út nýja aðalnámskrá. Skólar á öllum skólastigunum hafa fimm ár til að tileinka sér hana.

Aðalnámskráin er fagleg stefnumörkun og lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Hún inniheldur hugmyndafræði leikskóla, markmið og leiðir. Aðalnámskrá er ætlað að samræma uppeldi og menntun barna í leikskólum landsins, viðmið við mat á leikskólastarfið, tryggja gæði í leikskóla og jafna uppeldisaðstöðu barna. Aðalnámskrá er ákveðinn rammi um leikskólastarfið og undirstaða frekari skólanámskrárgerðar. Í Aðalnámskrá kemur fram að hver og einn leikskóli skuli semja sína eigin skólanámskrá þar sem helstu áhersluatriði í starfsháttum og uppeldissýn leikskólans koma fram auk þeirra séreinkenna sem leikskólinn býr yfir (Mennta- og menningamálaráðuneyti, 2011).

Í greinargerð samráðsnefndar sveitarfélaga um stöðu leikskólans frá árinu 2007 kemur fram að leikskólastigið hefur vaxið mjög hratt að umfangi síðustu ár og aðstæður hafa breyst. Mun fleiri börn sækja leikskóla nú en áður, dvalartíminn hefur lengst, barnahópurinn er fjölbreyttur og viðurkenning leikskólans sem fyrsta skólastigsins hefur kallað á auknar kröfur um fagmennsku.

Reykjanesbær á og rekur tíu leikskóla, rekstrarform þeirra er misjafnt. Í næsta kafla er kynning á tveimur leikskólum í Reykjanesbæ. Annar leikskólinn er kallaður A og hinn B.

## 2.1 Kynning á leikskóla A

Leikskóli A er „opinn“ leikskóli þar sem allt rými nemendanna er sameiginlegt. Í leikskólanum er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, heimastofur eru fjórar og eru aldursblandaðar. Börnin fara frjálst um húsið en kennarar eiga fasta viðveru á ákveðnum svæðum viku í senn. Kennarar leggja áherslu á að vera til staðar fyrir nemendur og láta þá hafa sem mest frumkvæði að gjörðum sínum. Markmið svæðaskipulagsins er meðal annars að sjá til þess að hver nemandi njóti sín á eigin forsendum og að hann fái næði og svigrúm í leik sínum. Einnig er það markmið svæðaskipulagsins að efla frumkvæði, sköpunarþörf og ímyndunarafl nemenda, auk þess að skapa svigrúm til að nemendur geti ræktað vináttu við önnur börn og kennara. Á svæðum leikskólans er lögð rík áhersla á málrækt með ýmsum aðferðum sem eiga við á hverju svæði.

Framtíðarsýn leikskólans felst einkum í menningu leikskólans þar sem virðing fyrir sjálfsákvörðunarrétti barnsins er virt. Barnið hefur raunverulegt val um hvernig það vill eyða deginum. Barnið öðlast reynslu með að vera virkur einstaklingur að gera eða reyna hluti og læra af því. Líkt og John Dewey sagði nám í verki – að læra með því að framkvæmd „*Learning by doing*“ (Dewey, 2000).

Þegar námsstefna leikskólans var ákveðin var virðing fyrir frjálsum sjálfsprottum leik barna lögð til grundvallar í öllu námi leikskólans, lagt var upp með að trú á barnið sem getumikinn einstakling og er sjálfsákvörðunarréttur barna virtur. Litið er svo á að sjálfsákvörðun felist í viljanum til að vera sjálfstæður, að geta staðið óháður öðrum börnum, umhverfi sínu og þeim fullorðnu. Talið er að sjálfsákvörðun sé þróun sem stendur allt lífið. Í leikskólanum er vilji til að ýta undir sjálfstæði barnanna, bæta sjálfsmynd þeirra og leyfa þeim að taka ákvarðanir um hvað þau vilja gera. Þó að börnin ráðstafi tíma sínum í leikskólanum þá er þeim gert að fara eftir þeim reglum er gilda í leikskólanum.

Skipulagðar stundir fyrir börnin eru hópasamvera tvisvar í viku, samverustundir tvisvar á dag ásamt íþróttastund einu sinni í viku. Öll börn fara á útisvæði einu sinni á dag, hið minnsta. Elstu börnin eru í Pennahóp en hópurinn hittist alla daga nema föstudaga og vinnur saman. Unnið er markvisst með þennan aldur með tilliti til aldurs og þroska þeirra. Á síðasta ári barnsins í leikskóla A eru gerðar mun meiri kröfur til þess en áður.

### 2.1.1 Læsi í leikskóla A

Lögð er áhersla á læsi í leikskólanum. Annars vegar læsi tengt málörvun og lestri, hins vegar læsi í víðara samhengi svo sem tilfinningalæsi, umhverfislæsi og menningarlæsi. Markviss málþroskaörvun allra barna í leikskólanum skal eiga sér stað frá upphafi leikskólagöngu og fléttast inn í öll námssvið leikskólans á skipulagðan hátt.

Leikskólinn hefur í þrjú ár notast við tíu vikna lestrar- og skriftarnámskeið Helgu Sigurjónsdóttur (2004) kennara, sem rak sinn eigin lestrarskóla í Kópavogi í mörg ár, nánari umfjöllun í kafla 6. Í byrjun árs 2012 fór af stað markviss vinna hvað varðar læsi og stærðfræði í leikskólanum. Settir voru á stofn tveir verkefnahópar sem eiga að stýra og leiðbeina kennurum í læsi og stærðfræði. Hóparnir fengu vinnuheitin Málfríður og Stórfriður, sjá nánari umfjöllun í sjötta kafla. Lestur bóka skipar stóran sess í öllu starfi og eru bækur áberandi í starfi leikskólans. Í leikskólanum eru sófar inn í öllum heimastofum og á gangi leikskólans og eru þeir óspart nýttir til „sófalesturs“, sjá útskýringu í kafla 6. Framtíðarstefna skólans er að efla mál og læsi með því að hafa umhverfið þroskandi og veita börnunum greiðan aðgang að mál- og læsisörvandi efni öllum stundum og á öllum svæðum leikskólans. Með almennri málörvun leggjum við grunninn að læsi barnanna enda er almenn málörvun mikilvægasta framlag leikskólans til velferðar barnanna.

Mat á hljóðkerfisvitund barna fer fram að hausti með prófinu Hljóm-2 (Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir, 2002) og skal það endurtekið við upphaf vorannar ef ekki næst viðunandi árangur.

## 2.2 Kynning á leikskóla B

Aðferðafræði og hugmyndafræði leikskóla B einkennist af því að allt nám geti farið fram í gegnum leikinn, jafnt innan veggja leikskólans sem utan. Í leikskólanum er litið á börn sem *leikandi námsmenn* sem hafa gaman af að leika sér og læra. Lögð er áhersla á útinám í vettvangsferðum, umhverfismennt, mál og læsi og lestrarhvetjandi umhverfi. Auk þess er lögð áhersla á að barninu líði vel, eigi gleðiríkar stundir og að börn og fullorðnir sýni hvert öðru ástúð, hlýju og virði tilfinningar hvers annars.

### 2.2.1 *Leikur og nám / nám og leikur*

Það er þrennt sem einkennir daglegt líf í leikskóla B, leiktími, hópastarfstími og daglegar athafnir. Til að örva leik og verkefnaval barna leggja leikskólakennarar áherslu á að skipuleggja leikumhverfi, innan- sem utandyra, þannig að þau hafi gott aðgengi að fjölbreyttum efniviði og viðfangsefnum sem örva til leikja og sköpunar. Leiknum er skipt í sjálfsprottinn leik og stýrðan leik þar sem aðkoma leikskólakennara fer fram með óbeinum og beinum hætti. Oft getur reynst erfitt að greina hvenær leikurinn fer frá því að vera stýrður yfir í að vera sjálfsprottinn. Aðkoma leikskólakennara að sjálfsprottna leiknum felst í að skipuleggja náms- og leikumhverfið sem örvar börnin til persónulegri uppgötvunar og könnunar, samræðna og hreyfingar. Þeir leggja áherslu á að vera í augnsýn ef börnin þurfa aðstoð eða hvatningu og að þau fái tækifæri til að kljást við fjölbreytt verkefni og fái frið til að vinna úr ágreiningi sín á milli. Sjálfsprottni leikurinn fer fram til dæmis í útiveru og daglegum valtíma þar sem börnin geta valið sér fjölbreytt úrval leiksvæða og hafa val um að dvelja þar eins og úthaldið leyfir. Stýrður leikur fer fram á forsendum barna en leikskólakennarar velja viðfangsefni og verkefni með ýmsum leikjum, þrautum, söng og hreyfingu sem eflir alhliða þroska þeirra. Stýrður leikur einkennist af að kenna börnum með beinni innlögn svo sem leiki, söngva, bókstafi og fleira. Hann fer fram í samverustundum og hópastarfi sem er fjórum sinnum í viku.

### 2.2.2 *Mál og læsi*

Frá því að börnin hefja leikskólagöngu sína er lögð áhersla á að þjálfa hljóðkerfisvitund þeirra með áherslu á málörvun, bókalestur og að kenna börnum hljóð stafanna. Til að efla mál- og læsisþroska þeirra hefur verið þróuð aðferð í leikskólanum sem kallast *Orðaspjall (Text talk)* en hún gefur möguleika á að vinna markvisst að því að auka orðaforða og hlustunarskilning tveggja til sex ára leikskólabarna (Beck og Kucan, 2002) en nánar verður komið að því síðar í ritgerðinni. Lögð er áhersla á að halda bókum að börnum í leikskólanum með því að bjóða þeim upp á gott aðgengi og fjölbreytt úrval bóka um ýmsan fróðleik. Bækur og lestrarstundir skipa þar stóran sess og er litið á þær sem gott námsgagn til að efla mál og læsi. Samræður og virk hlustun eru einnig mikilvægir þættir í málörvuninni þar sem leikskólakennarar tileinka sér virka hlustun og spyrja opinna spurninga.

Til að vekja forvitni og áhuga barna á les- og ritmáli er það gert sýnilegt inni á öllum

deildum og þyngist eftir sem börnin eldast og skilningur og færni eykst. Einnig eru börnin hvött af leikskólakennurum til að lesa það ritmál sem verður á vegi þeirra í vettvangsferðum um bæjarfélagið. Síðasta árið í leikskólanum er elstu börnunum boðið upp á 10 vikna lestrar- og skriftarnámskeið og er það hugsað sem lokahnykkur lestrar- námsins í leikskólanum. Námskeiðið byggist á grunnskipulagi og verkefnavinnu sem leikskólakennararnir fylgja eftir með innlögnum á hljóðum og táknum stafrófsins. Nánar verður fjallað um þetta efni í sjötta kafla.

### ***2.3 Samantekt þessara tveggja leikskóla***

Það er sammerkt með báðum þessum leikskólum að standa vörð um leikinn ásamt því að vera með tíu vikna lestrar- og skriftarkennslu sem er aðferðarfræði Helgu Sigurjónsdóttur kennara. Leikskólarnir leitast við að kynna fyrir barninu læsis- og skriftarhvetjandi umhverfi þar sem þroski barnsins er hafður að leiðarljósi. Dewey leit á þessar greinar sem hjálpartæki en ekki markmið í sjálfu sér (Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson, 2010). Leiðir leikskólanna eru ólíkar að einhverju leyti en stefna báðar í sömu átt. Umhverfi beggja leikskólanna er þroskandi og veitir börnunum greiðan aðgang að mál- og læsishvetjandi efniviði öllum stundum og á öllum svæðum leikskólans. Markmið beggja skólanna er því að börnin fari öruggari á næsta skólastig og hafi ákveðna þekkingu á bókstöfum í farteskinu ásamt því að vera tilbúin að takast á við nýja og spennandi hluti.

## **3 Kenningar fræðimanna um leik og nám barna**

Margir telja nám vera vítt hugtak en skilgreiningin á því hefur breyst nokkuð í gegnum tíðina eftir því sem fleiri sálfræðilegar kenningar koma fram á sjónarsviðið. Í leikskólunum gætir áhrifa frá nokkrum fræðimönnum og í þessum kafla verður fjallað um kenningar þessara fræðimanna og hugmyndir þeirra um nám og leik.

**Vygotsky** (1896-1934) var rússneskur kennari og sálfræðingur. Hann setti fram þá kenningu að æðri hugferli mótuðust af félags- og menningarlegum áhrifum. Hann taldi að þau væru líffræðilegum tilhneigingum yfirsterkari. Hann leit á leikinn sem félagslegt ferli og sagði að allt nám og þroski færi fram í félagslegum athöfnum og að gott félagslegt umhverfi væri forsenda góðra námsaðstæðna. Vygotsky var upptekinn af því

að nám barna byrjaði löngu áður en þau hæfu formlegt nám í skóla og væru leikur og samskipti þar lykilatriði (Aldís Unnur Guðmundsdóttir, 2007).

Hann beindi sjónum sínum að þroskamöguleikum barns og kynnti í því skyni hugtakið „svæði mögulegs þroska“ (zone of proximal development). Svæði mögulegs þroska er skilgreint sem það svæði sem er milli getu barns þegar það leysir verkefni án hjálpar og getu barns þegar það fær aðstoð einhvers fullorðins (Guðrún Bjarnadóttir, 1998; Berk og Winsle, 1995).

**Jean Piaget** (1896-1980) var svissneskur líffræðingur og er einn af þeim sem lagði sitt af mörkum varðandi skilning okkar á leik barna og mikilvægi hans (Bransford, Brown, Cocking, 2000). Hann skipti greindarþroskanum niður í fjögur stig sem hvert um sig hefur sín sérkenni. Einnig áleit hann miklu skipta í sambandi við allt nám að börn væru reiðubúin til að takast á við það og að námið hæfði þroskastigi þeirra. Hann taldi börnum mikilvægt að fá svigrúm til að athafna sig sjálf og að þau lærðu mest af eigin tilraunum og eigin mistökum (Aldís Unnur Guðmundsdóttir, 2007).

**John Dewey** (1859-1952) var bandarískur kennari og heimspekingur. Kenningar hans um nám og menntun vöktu mikla athygli á sínum tíma. Hann notaði hin fleygu orð „learning by doing“. Hann taldi að börn öðluðust einungis raunhæfa menntun gegnum reynslu sína og að þau ættu að vera virk og skapandi en ekki sitja kyrr og hlusta. Nokkur lykilhugtök eru í kennslufræði Dewey's eins og áhugi, virk reynsla, eigin athugun, könnun og samfella í vinnubrögðum og þroska. Hann lagði áherslu á að börn lærðu smátt og smátt t.d. lestur, skrift, stafsetningu og reikning, þegar þörf væri á slíkri kunnáttu við lausn viðfangsefna (Dewey, 2000).

**Joseph Cornell** (1950) er þekktur fyrir það að nota vettvangsferðir sem leið til að kenna breiðum aldurshópi náttúrufræði. Cornell þróaði fimm kennsluaðferðir við náttúrufræði-kennslu sem hann kallar *Flow learning* sem byggja á uppgötvunarnámi barna og að hlutverk kennarans sé að halda að sér höndum og gefa börnum tækifæri og tíma til að hugsa (Cornell, 1989).

**Loris Malaguzzi** (1920-1994) var hugmyndafræðingur leikskólastarfins í Reggio Emilia á Ítalíu. Malaguzzi taldi nám eiga að vera ánægjulega reynsla þar sem börn taki virkan þátt í öllu námi. Hann benti einnig á að ekki er sjálfgefið að barn læri það sem því er kennt, heldur sé námið að stórum hluta afleiðing framkvæmda og íhugana.



Malaguzzi sagði: Barnið hefur hundrað mál en frá því eru tekin níutíu og níu (Malaguzzi 1998).

Hann ásamt öðrum fræðimönnum skilja okkur eftir með spurningar varðandi skólakerfið. Hvert stefnir leikskólinn, hvað er verið að kenna í leikskólanum og hvernig er verið að kenna í leikskólanum?

## 4 Leikurinn sem námsleið barnsins

Eins og kemur fram í kaflanum um leikskólana tvo er túlkun leikskólanna til náms mismunandi. Hver skóli notar sína aðferð til að túlka nám og koma kennslunni til skila til barnsins í gegnum leikinn eða með öðrum aðferðum.

### 4.1 Hvað er leikur?

Leikur og nám eru greinar af sama meiði. Valborg Sigurðardóttir (1992) tilgreinir leikinn sem sjálfstjáningu barnsins og leið þess til þroska og þekkingar. Hann er eðlilegasta lífstjáning lítilla barna. Leikurinn er ekki aðeins gleðigjafi, hann er barninu nám og starf. Það er því nauðsynlegt að hafa það hugfast í öllu uppeldi og skólastarfi að leikurinn er náms- og þroskaleið, leið til þekkingar, sjálfstjáningar og sjálfsnáms.

Birgitta Knutsdotter Olafsson (1992) sænskur barnasálfræðingur sagði að leiksins eðli væri að umbreyta raunveruleikanum í eitthvað annað. Birgitta hefur gert margar rannsóknir á hlutverkaleik barna og er hún mikill talsmaður mikilvægi hlutverkaleiksins. Ein rannsókn hennar á hlutverkaleik barna í leikskólanum stóð yfir í átta mánuði. Hún mætti í leikskólann tvo til þrjá daga í viku þar sem hún fylgdist með börnum og kennurum í leikskólastarfinu. Hennar niðurstaða var sú að barnið notar tungumálið sitt til að tjá leikinn. Börn verða að nota hæfileika sína til að komast inn í leikinn með öðrum börnum. Þau nota ímyndunarafl sitt til að lifa sig inn í leikinn. Börnin vita muninn á því hvort um er að ræða leik eða raunveruleika. Birgitta taldi þátttöku kennara í leik barna afar mikilvægan.

Leikurinn hefur verið kallaður ýmsum nöfnum sem skírskota þá til túlkunar leiksins. Stýrður leikur er leikur þar sem hinn fullorðni stýrir leiknum og skipuleggur námsumhverfi eða önnur verkefni tengd leiknum. Hlutverkaleikur er leikur þar sem

barnið fer í hin ýmsu hlutverk og túlkar þá ýmsar persónur líkt og Birgitta talar um hér að ofan þar sem barnið umbreytir raunveruleikanum í eitthvað annað. Í þessari ritgerð er gengið út frá því að þegar talað er um leikinn þá er um frjálsan leik að ræða, eða leik sem er sjálfsprottinn frá barninu sjálfu en ekki stýrður af fullorðnum.

#### **4.2 Leikurinn samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla**

Samkvæmt lögum er leikskólinn fyrsta skólastigið í skólakerfinu, ætlaður börnum undir skólaskyldualdri (lög um leikskóla nr. 90/2008). Allt nám sem fer fram í leikskólanum er það veganesti sem fylgir barninu áfram á næsta skólastig. Það þarf því að vanda þá kennslu sem fer fram í leikskólanum. Hvað kenna leikskólakennarar í leikskólanum? Á hvað er lögð áhersla í námi barna í leikskólanum?

Í samræmi við Uppeldisáætlun fyrir leikskóla frá 1993 er leikurinn aðalnámsleiðin en þar kemur fram sú afstaða að leikurinn skuli vera kjarninn í uppeldisstarfi leikskóla. Tekið er fram að leikurinn sé bæði líf barnsins og starf og eigi að vera bæði markmið og leið í uppeldisstarfinu (Menntamálaráðuneytið, 1993). Í Aðalnámskrá leikskóla sem kom fyrst út árið 1999 er umfjöllun um leik á svipuðum nótum. Talað er um leikinn sem lífstjáningu og gleðigjafa barna og hornstein leikskólastarfsins (Menntamálaráðuneytið, 1999). Til að undirstrika mikilvægi leiksins sem námsleið barnsins er kafli í Aðalnámskrá leikskóla sem heitir *Leikur og nám*. Kaflinn fjallar um tengsl leiks og námssviða leikskólans en jafnframt greinir kaflinn frá mikilvægi leikskólakennarans í starfi þar sem hann þarf að styðja vel við nám barna í gegnum leikinn (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

#### **4.3 Leikur og nám**

Dewey (2000) sagði að hin eina sanna menntun kæmi með því að hæfileikar barnsins væru örvaðir með kröfum þeirra félagslegu aðstæðna sem það er í. Barnið fer í leikinn af fúsum og frjálsum vilja og á sínum forsendum þar sem það er ekki afraksturinn sem skiptir máli heldur leikurinn sjálfur. Fá viðfangsefni tengja reynslu og menntun á áhrifaríkari hátt en leikur. Í gegnum leik tjá börn reynslu sína, túlka hana og endurskapa (Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson, 2011).

Nám hefur yfirleitt verið aðskilið frá leik. Má þá spyrja sig hvort leikskólakennarar hafi verið of uppteknir af því að raunverulegt nám eigi sér fyrst og fremst stað þegar fengist er við afmörkuð verkefni sem oftast eru skipulögð og stjórnað af kennara (Jóhann Einarsson og Anna M.Hreinsdóttir, 2011). Alltaf er að koma betur og betur í ljós áhrifamáttur leiksins sem námsleið innan leikskólans. Margar rannsóknir hafa verið gerðar á leiknum. Golinkoff, Hirsh og Singer (2006) gerðu rannsókn í Bandaríkjunum á gildi leiksins í leikskólanum. Þar kom fram að börnum sem hlotið höfðu beina kennslu í leikskólanum gekk ekki betur og höfðu minni trú á námsgetu sinni en börnum sem höfðu lært í gegnum leikinn. Í sömu rannsókn kom einnig fram að börn lærðu best þegar þau voru hvött til þess að velja sjálf hvað þau gera. Í þessari rannsókn kemur vel fram að það er í gegnum leikinn sem námið fer best fram, með áhuga, eigin athugunum og könnunum barnsins, ekki stýrðu vali fullorðinna.

#### ***4.4 Leikurinn í leikskólanum***

Leikskólar hafa farið ýmsar leiðir til að ná því fram að leikurinn sé aðalnámsleið barnsins í leikskólastarfinu. Dæmi er leikskóli sem vinnur með *opnar dyr* en þar er aðaláherslan lögð á sjálfsákvörðunarrétt barnsins. Þar fara börnin frjálst um húsið (leikskólann) en kennarar eru fastir á svæðum viku í senn. Markmið með svæðaskipulaginu er að börnum sé sköpuð skilyrði sem gera þau færari um að hafa frumkvæði, vera sjálfstæð í leik og starfi. Starfsfólkið leggur áherslu á að vera til staðar fyrir börnin, lætur þau sem mest hafa frumkvæði að gjörðum sínum, veitir hjálp sé um hana beðið, hjálpar börnum til sjálfshjálpar. Reynt er að sjá til þess að börnin fái frið í leik. Leitast er við að efla frumkvæði, sköpunarþörf og ímyndunarafl barnanna (Halldóra Magnúsdóttir, 2008/2009).

Hér er leikurinn notaður sem námsleið barnsins að þeim verkefnum og því námi sem vekur áhuga barnsins hverju sinni. Einbeiting barnanna er aukin með því að brjóta ekki upp leik þeirra eða starf með skipulagi sem þau fá engu ráðið um. Í dag er það keppikefli hvers skóla að kenna börnum sjálfstæði og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Það er mikilvægt að börnin fari af einu skólastigi yfir á það næsta sjálfstæðari og öruggari með sig.

Í 2. grein laga um leikskóla (2008) er lögð aukin áhersla á leik og skapandi starf í starfsháttum leikskóla. Leikurinn er nefndur sem mikilvæg námsleið og á að vera í

fyrirrími (Lög um leikskóla nr.2/2008). Því er gífurlega mikilvægt að leikskólinn standi vörð um sérstöðu sína sem og menningu hvers leikskóla.

#### **4.5 Gagnrýni á leikinn**

Foreldrar velja skóla fyrir barnið sitt oft með áherslu á stefnu skólans sem þeir eru búnir að kynna sér. Eins og áður hefur komið fram er leikskólinn fyrsta skólastig barnsins. Grunnurinn er því lagður í leikskólanum hvað varðar undirbúning fyrir næsta skólastig. En er leikskólinn að gleyma markmiðum sínum hvað varðar mikilvægi leiksins á kostnað *kennslufræðilegs leiks?* „Bent hefur verið á að tengsl milli leiks og hefðbundinnar hugmyndar um kennslufræði bjóði óhjákvæmilega upp á hagsmunarárekstra, þar sem kennslufræði leiks gangi út frá sjónarmiðum fullorðinna sem bjóða upp á umhverfi og nota aðferðir sem styðja við kennsluferlið og námið fremur en við leikinn“ (Jóhanna Einarsdóttir og Anna M. Hreinsdóttir, 2011). Hlutverk leikskólakennarans er því ærið, en með námskrána sér við hlið ætti að vera hægt að finna jafnvægi þar á milli.

#### **4.6 Leikur og læsi**

Hlutverkaleikurinn er kjörinn sem námstæki fyrir læsi. Þar lærir barnið á sínum hraða og á sínum forsendum. Barnið byggir ofan á sína kunnáttu með því skoða, vera forvitið. Vygotsky leit svo á að leikur gegndi mikilvægu hlutverki í námi og þroska barna. Máttur hlutverkaleiksins er mikill en í gegnum hann fá ung börn tækifæri til að skilja tilgang lesturs og æfa lestur og skrift í samhengi sem þau þekkja og hefur merkingu fyrir þau (Jóhanna Einarsdóttir og Anna M. Hreinsdóttir, 2011).

Það er við hæfi að enda umræðuna um leikinn á orðum Valborgar Sigurðardóttur en hún sagði að grundvöllur að farsælu skólanámi sé að börnin nái tökum á að leika sér, lesa, skrifa og reikna í gegnum leik. Í skapandi starfi læra börn mest og best.

Ævagamalt kínverskt máltæki segir:

Segðu mér það.  
Ég gleymi því.  
Sýndu mér það.  
Ég man það.  
Leyfðu mér að fást við það.  
Þá skil ég það.

Mikil sannindi felast í þessum fornu vísdómsorðum (Valborg Sigurðardóttir, 1992).

#### **4.7 Hlutverk leikskólakennara í leik barna**

Samkvæmt starfslýsingu í kjarasamningi Félags leikskólakennara frá 1. júní 2011 er meginverkefni leikskólakennarans að vinna að uppeldi og menntun barna. Fylgjast vel með velferð þeirra og hlúa að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins svo að þau fái notið sín sem einstaklingar. Jafnframt tekur leikskólakennarinn þátt í gerð skólanámskrár, mati á starfsemi leikskólans og þróunarverkefnum (Félag leikskólakennara, 2011).

Leikskólakennarinn verður því að hafa vakandi auga með þroska hvers barns, gera athuganir og skráningar þannig að auðveldara reynist að fylgja barninu eftir hvað varðar þroska þess.

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir (2011) segir að leikskólakennarinn þurfi að geta svarað áhuga barnanna hvar og hvenær sem er, hvort sem hann birtist í leik eða öðrum athöfnum. Hann þarf jafnframt að grípa tækifæri sem gefast til að örva meðal annars hlustun barnanna, máltjáningu þeirra og orðaforða. Leikskólakennarinn þarf að vera vel að sér og þekkja fjölbreytt þjálfunar- og kennsluefni sem hann getur nýtt í starfinu hverju sinni.

Leikurinn er sú námsleið sem leikskólinn notar hvað mest. Leikskólakennarinn verði því að styðja við leikinn með ákveðnu leikefni sem örvar og kennir börnunum það sem í boði er hverju sinni.

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) kemur fram að grunnþættir menntunnar séu: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þar stendur að læsi krefjist skriffæra, efnis til að skrifa á og miðils, t.d. bókar, til að koma ritsmíðinni á framfæri. Læsi snýst því að hluta til um tæknimiðla og verkunnáttu (Mennta- og

menningarmálaráðuneyti, 2011). Til þess að leikskólinn geti framfylgt kröfum Aðalnámskrár leikskóla þarf að koma til skólanámskrá hvers leikskóla.

#### **4.8 Skólanámskrá**

Til þess að ná fram öllum námsþáttum í leikskólastarfinu er gefin út skólanámskrá sem hverjum leikskóla ber að fara eftir. Skólanámskráin er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir til að ná fram markmiðum (Lög um leikskóla nr.14/2008).

Markmiðum námskrár er náð best fram í gegnum leik þar sem börnin þjálfast í ákveðinni hæfni og námsþáttum. Með því að tengja leikinn og ákveðin námsmarkmið er litið svo á að börn fái tækifæri til að byggja upp þekkingu sína á merkingarþæran hátt og þróa með sér jákvætt viðhorf til náms.

#### **4.9 Námskráin í „veggjum“ leikskólans**

Wood og Attfield (2005) leggja til að námskrá byggist á samspili ( e. co-construction) þess sem kennarinn hefur í hyggju og þess sem börnin hafa í hyggju. Þær telja að ef litið er á leik sem ferli sem felur í sér nám og þroska þá þurfi hann að tengjast markmiðum námskrár. Hlutverk kennarans er að tengja námskrána og leikinn og kynna nýja möguleika. Kennarinn þarf að vera vakandi fyrir áformum og áhuga barnanna og skipuleggja á markvissan hátt umhverfið, tímann og viðfangsefnin. Einnig þarf hann að velja efniviðinn í samræmi við áhugasvið barnanna og jafnframt að skapa sameiginlega reynslu sem nýtist í leiknum (Jóhanna Einarsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2011). Það má því segja að námskráin eigi að vera lifandi plagg, fari fram hér og nú og í öllu námi barnsins.

Harriet Cuffaro (1995) hefur bent á að þar sem er unnið samkvæmt hugmyndum Deweys móti kennarar og nemendur námskrána í sameiningu. Kennarar skapi umhverfið með leikmunum og handritsdrögum en börnin móti innihald námskrárinnar út frá persónulegri reynslu og áhuga (Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson, 2011). Til þess að námskráin virki sem best í leikskólastarfinu má segja að hún þurfi að vera „í veggjum“ leikskólans, svo virk þarf hún að vera.

## 5 Læsi

Einn af undirstöðubáttum mannréttinda er að verða læs en jafnframt er það krafa sem þjóðfélagið gerir til þegna sinna. Kröfur samfélagsins um læsi hafa breyst í gegnum tíðina samfara breytingum þess sjálfs. Í hinu tæknivædda þjóðfélagi nútímans verður lestur ekki aðeins þýðingarmikill fyrir einstaklinginn heldur í auknum mæli fyrir þjóðfélagið í heild og afkomu þess (Sigríður Þ. Valgeirdóttir 1993). Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á (Mennta- og menningarmála-ráðuneytið, 2011).

Samkvæmt skilgreiningu the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, betur þekkt sem UNESCO (2004) felast einkenni læsis meðal annars í hæfileikanum til að bera kennsl á, skilja, túlka, skapa og tjá sig með því að nota prentað eða ritað efni í mismunandi samhengi. Áhersla er lögð á fjölbreytileika læsis og mismunandi tilgang þess. Sú áhersla stafar meðal annars af því samdóma álitum sem kemur fram í skýrslu UNESCO að læsi sé forsenda félagslegrar, menningarlegrar, stjórnmálalegrar og efnahagslegrar þátttöku og að sá sem er læs geti lært svo lengi sem lifir (Unesco 2004).

Læsi er vítt hugtak og vísar til hæfninnar að skilja og nota ritmál í mismunandi samhengi og tilgangi. Þróun ritmálsins byggir á samspili margra ólíkra þátta sem hver og einn er í brennidepli á mismunandi tímum, allt eftir því hvar barnið er stadd í þroskaferlinu (Hoover og Gough 1990; Freyja Birgisdóttir, 2010). Læsi er hugtak sem notað er í lestrarferli barns og byggist á þeirri færni að ráða við frumþætti móðurmálsins, tali, hlustun, lestri og ritun. Lestur og ritun fela í sér að barn skilji merkingu orða og hvert hlutverk ritmálsins er (Rannveig Auður Jóhannsdóttir, 1996).

Hugtakið læsi hefur lítið verið notað í leikskólum í gegnum árin og hefur gjarnan verið eignað grunnskólunum en á síðustu árum hefur athygli beinst að því að þróun og færni á lykilorðum tengdum læsi fari fram á leikskólaaldri. Í rannsókn sem Anna Elísa Hreiðarsdóttir gerði meðal annars á því hvernig leikskólakennarar meta þekkingu sína og viðhorf til ritunar og hvernig hún birtist í starfi þeirra og orðræðu kemur í ljós að leikskólakennurum er tamt að nota hugtökin málþroski og málörvun enda eru þau bæði

áberandi í Aðalnámskrá leikskóla sem kom út árið 1999. Umræða innan leikskóla um að málörvun sé mikilvægari í undirbúningi fyrir lestrarnám er almennari en áður var. Farið er að skilgreina lestur í víðara samhengi og nota orðið læsi. Síðasta áratuginn hafa ný hugtök skotið upp kollinum með umræðunni um læsi eins og bernskulæsi (*early literacy*) útskýrt sem „Fyrstu skref í þróun læsis hjá ungum börnum“ (Anna Elísa Hreiðarsdóttir, 2010).

## 5.1 Málþroski/málskilningur

Málþroski er vítt hugtak sem felur í sér margs konar þekkingu og færni og er eitt mikilvægasta þroskaverkefni barnsins. Rannsóknir hafa sýnt að fóstur byrja að sýna viðbrögð við utanaðkomandi hljóðum á sjöunda og áttunda mánuði meðgöngutímans og að nýburar taka rödd móður sinnar fram yfir raddir annarra (Aldís Unnur Guðmundsdóttir, 2007). Þannig að grunnur að málþroska og máltöku barnsins er lagður löngu áður en það segir sitt fyrsta orð.

Í máltökufuferlinu læra börn orð, merkingu þeirra, framburð og beygingar. Þau læra hvernig má tengja orðin saman á margvíslegan hátt til að fá fram mismunandi merkingu. Þau læra einnig óskráðar reglur og hefðir um málsnið og hvernig viðeigandi er að haga orðum sínum eftir aðstæðum (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2004). Niðurstöður máltökurannsókna hafa leitt í ljós að börnum er eðlilegt að finna merkingu þess sem sagt er út frá samhengi og aðstæðum. Þau heyra orð og setningar í merkingarbæru samhengi og aðstæðum sem þau eru í hverju sinni. Barnið skilur málið með því að lesa í líkamstjáningu, svipbrigði og blæbrigði raddarinnar auk þeirra orða sem það skilur (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 1987).

Málskilningur hjá börnum sem hafa seinkaðan málþroska er minni en hjá jafnöldrum þeirra og eiga þau því á hættu að lenda í erfiðleikum með læsi. Reynslan sýnir að það getur skipt sköpum fyrir þróun læsis barna ef áhersla er lögð á lestur bóka, hugtök útskýrð og orðaforðinn aukinn markvisst (Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir, 2000).



## 5.2 Hljóðkerfisvitund

Hljóðkerfisvitund (phonological awareness) er sá þáttur málþekkingar sem hefur líklega verið mest rannsakaður í tengslum við lestrarnám (Hulme og Snowling 2009; Otto, 2010; Paul, 2006; Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir, 2011). Hljóðkerfisvitund vísar til hæfileika barna til að greina hljóð og skilja að hægt sé að skipta tungumálinu í einingar og vinna með þær á mismunandi hátt (Rósa Eggertsdóttir og Þóra Björg Jónsdóttir, 2006). Rannsakendur eru almennt sammála um að hljóðkerfisvitund sé ein grunnforsenda umskráningarfærni og leggi grunn að lestrarferlinu. Flest bendir til þess að þroski á hljóðkerfisvitund hjá leikskólabörnum haldist í hendur við annan málþroska eins og talað mál og stafabekkingu sem sýnt hefur verið fram á að er mikilvæg fyrir hljóðkerfisvitund (Burgess, 2006; Scarborough, 2002). Hljóðvitundin sem er hluti hljóðkerfisvitundar þroskast smátt og smátt og börn fara að gera sér grein fyrir að orð eru samsett röð hljóða og skynji hljóðræna uppbyggingu orðanna. Hún eflist smám saman með aukinni málþekkingu, bæði á tal- og ritmáli.

## 5.3 Lestrarþróun

Að læra að lesa er einstaklingsbundið og flókið ferli sem þróast á löngum tíma allt frá því að barnið er ungt og hlustar á sögur sem lesnar eru upphátt, þar til að það ræður sjálfst við að lesa texta (Rannveig Auður Jóhannsdóttir, 1996). Þegar formlegt lestrarnám hefst hjá barni þarf það að fást við marga hluti í einu eins og að umbreyta bókstöfum í hljóð og tengja þau saman í orð sem þau skilja. Lítil börn skoða og fletta bókum og átta sig á því að bókstafirnir sem þau sjá standa fyrir texta og hafa ákveðna merkingu. Þau tengja síðar bókstafi úr texta yfir í hljóð sem bókstafurinn stendur fyrir og ná þá merkingu textans (Ehri 2005).

Á meðan læsi nær yfir alla þætti málsins og fylgir ákveðinni þróun þá er lestur eingöngu einn þáttur í læsi. Lestur þróast frá unga aldri og fram á fullorðinsár og má því segja að lestur sé ævilangt ferli. Lestur samanstendur af fjölmörgum þáttum sem hafa áhrif þegar lesið er, það eru þættir sem snerta einstaklinginn líffræðilega og tilfinningalega, svo sem sjón, heyrn, vitsmunabroski, málþroski, einbeiting, athygli, hvatning, áhugi og sjálfsímynd (Þóra Kristinsdóttir, 2000).

Fræðimenn sem fjallað hafa um þróun læsis skipta ferlinu niður í áfanga. Þeir segja að börnin nái tókum á lestri eftir ákveðnum stigum eða þrepum. Til eru margar kenningar um þessa stigskiptu þróun. Má þar nefna kenningu Friths frá árinu 1985, sem felur í sér þrjú mismunandi stig, myndastig, bókstafstig og ritháttarstig (Ehri 2002). Í kenningu Wood og O'Donnell (1992) eru stigin fimm, undirbúningstig, lestrarbyrjun, breytingastig/umskiptastig, undirstöðulestur og fágunarstig. Samkvæmt kenningu Ehri (2002) um læsisþróun sem hún kallar þróun sjónræns orðaforða eru stigin fjögur og kallast myndstig, ófullkomið bókstafsstig, fullkomið bókstafsstig og samtengt bókstafsstig. Þróun á sjónrænum orðalestri hefst án tengsla stafs og hljóðs en á fyrsta stigi þróunarferlisins notar lesandinn ekki bókstafina til að tengja við hljóð stafa heldur velur hann og styðst við myndrænar vísbendingar í umhverfinu. En um leið og lesandinn öðlast einhverja þekkingu á stafrófinu beinist úrvinnslan að bókstöfunum og hljóðum (Ehri, 2002). Hér á eftir verður nánar fjallað um kenningu Ehri um þróun sjónræns orðaforða.

**Fyrsta stigið** nefnist undanfari bókstafsstigs, oft kallað myndstigið (e. prealphabetic phase). Á þessu stigi er ekki um eiginlegan lestur að ræða, þar sem ekki er notast við tengsl stafs og hljóðs, heldur eru börnin farin að þekkja orðin frá sjónrænu mynstri þeirra og giska á merkingu þeirra út frá því fremur en stafþekkingu. Til dæmis þekkja börn orð sem þau sjá oft á skiltum eins og Bónusmerkið og telja sig vera að lesa en þau er í raun að nýta sér sjónrænan merkjalestur.

**Annað stigið** nefnist ófullkomið bókstafsstig (e. partial alphabetic phase). Á þessu stigi þekkja börn einhverja stafi og tengsl milli stafs og hljóðs eins og stafina í nafninu sínu og geta munað þá til þess að geta lesið orð út frá sjónrænum einkennum. Oft er það fyrsti og síðasti bókstafurinn í orðinu sem börnin þekkja og reyna gjarnan að sjá út merkingu orðsins út frá þeim.

**Þriðja stigið** nefnist fullkomið bókstafsstig (e. full alphabetic phase). Á þessu stigi kunna börn nákvæm tengsl milli stafs og hljóðs og muna nú fleiri orð sjónrænt. Þau vita núna hvaða hljóð hver bókstafur stendur fyrir og geta þess vegna umskráð bókstafi í orð.

**Fjórða stigið** nefnist samtengt heildrænt bókstafsstig (e. consolidated alphabetic phase) Hér eru börnin farin að þekkja orð og orðhluta sem heildir. Þau lesa ekki staf fyrir staf

heldur í stærri einingum, bera kennsl á orðin í heild og jafnvel hluta setningar. Þegar börnin eru búin að ná þessu stigi er grunninum að sjálfvirkum, fyrirhafnarlausum sjónrænum lestri náð. Þetta ferli reynir fremur á minnisferlið en umskráningarferlið (Ehri, 2005).

## **5.4 Ritun**

Ritun er annar þáttur í þróun læsis og einnig háð vitrænum og mállegum þroska barnsins. Þróun ritunar, talmáls og lestrar fer saman á órjúfanlegan hátt (Rannveig Auður Jóhannsdóttir, 1996). Ritun tengist málnotkun á margvíslegan máta og byggist á því að umbreyta talmáli í skrifuð ták. Eins og máltaka og lestur, þróast ritun og ritfærni á löngum tíma eftir ákveðnu ferli og samhliða öðrum þroskaþáttum. Ritun krefst einnig ákveðinnar færni sérstaklega hvað varðar fínhyfingar. Við teikningu og að lita myndir öðlast barn þá fínhyfifærni sem er nauðsynlegur undanfari skriftar. Það þróar grip um skriffæri, nær aukinni stjórn á hreyfingum handar og æfist í samhæfingu handa og augna (Valborg Sigurðardóttir, 1989).

Eins og í þróun læsis hafa fræðimenn komið með kenningar um stigskipta þróun ritunar og samkvæmt kenningu Riley og Reedy (2000) skiptist hún í sjö stig.

**Fyrsta stig** er frumkrot (cribbling). Þetta er fyrsta stig í þróun ritmáls hjá barninu, það krotar tilviljunarkennt og merkingarlaust á blaðið.

**Annað stig** er meðvitað krot (controlled scribbling). Nú reynir barnið að líkja eftir ritmálinu með alls kyns kroti.

**Þriðja stig** er meðvitað og merkingarbært krot (name scribbling eða pre phonetic stage). Nú gerir barnið greinarmun á því að teikna og skrifa.

**Fjórða stig** er forstig hljóðritunar (semi phonetic stage). Barnið gerir sér grein fyrir að það er hægt að yfirfæra talmál yfir í ritmál en á erfitt með það. Það þekkir skriftaráttina.

**Fimmta stig** er hljóðritunarstig (phonetic stage). Barnið velur sér bókstafi eftir hljóðum þeirra. Það skrifar meginhljóð og bókstafi sem eiga að vera í orði en sleppir oft sérhljóðum á eftir samhljóða.

**Sjötta stig** er millistig hljóðritunar og réttitunar (transitional stage). Nú notar barnið stundum stafsetningarhefðina þegar það skrifar ókunn orð. Barnið skrifar alla bókstafina í orði og notar sérhljóða í hverju atkvæði. Það hefur bil á milli orða og setur punkt.

**Sjöunda stigið** er réttitunarstig (correct stage). Barnið þekkir grunnreglur stafsetningar og málfræði. Það nýtir sér sjónminni og hefur þekkingu á uppbyggingu orða, tvöfaldri merkingu orða og orðum sem hafa líka merkingu.

Að verða góður í lestri og ritun má segja að sé ævilangt ferli sem hefst löngu áður en barn hefur formlegt lestrarnám í grunnskóla (Þóra Kristinsdóttir, 2000). Þetta krefst mikilla æfinga frá upphafi leikskólagöngunnar og fer fram að mestu í gegnum leik. Leikskólar A og B leggja mikla áherslu á að kenna í gegnum leik í sínu starfi.

## 6 Læsi í starfi tveggja leikskóla

Í þessum kafla verður sjónum beint að námsefni sem hefur verið notað í leikskólum A og B og virkað vel. Reynsla af notkun efnisins er löng og búið að þróa aðferðir þar sem áhugi, virk reynsla og samfella í vinnubrögðum hefur verið höfð að leiðarljósi.

### 6.1 *Lestrar og skrifarhvetjandi umhverfi*

Báðir leikskólarnir A og B hafa lagt mikla áherslu á að merkja hluti, húsbúnað og efnivið. Stafrófið er sýnilegt á öllum deildum, bókstafir eru aðgengilegir og börnin geta leikið sér og notað þá í leik til dæmis með því að raða þeim saman í orð. Nöfnin þeirra eru á prenti á hinum ýmsu stöðum eins og á hólum þeirra, á vegg þar sem þau sjá hvaða svæði eru í boði á val tíma. Einnig nota þau nöfnin til fyrirmyndar í ritun ásamt öðrum algengum orðum og þeim sem hafa verið tekin fyrir í orðaspjalli. Leikir, spil og tölvuleikir eru mikið notaðir til málörvunar og skemmtunar. Barnabækur og ýmsar fræðibækur eins og um eldgos eða bíla svo eitthvað sé nefnt eru mikilvægar til að vekja áhuga leikskólabarna á bókum sem eflir mál- og læsisþroska þeirra.

### 6.2 *Málfríður og Stórfriður*

Til þess að leggja fram innlagn á læsi og að það sé gert á skynsaman hátt, þarf að koma til verkaskipting innan leikskólans. Verkaskiptingin getur verið í formi þess sem sagt er

frá hér, en þar hefur sex leikskólakennurum verið skipt í tvo vinnuhópa sem bera nöfnin *Málfríður* og *Stórfríður* en þessir hópar eiga að miðla námsefninu til kennaranna.

*Málfríður* er málörvunar- og læsisverkfæri en *Stórfríður* er stærðfræðiverkfæri. Með verkfærinu Málfríði er aðgangur kennara að efnivið tengt læsi, það er læsi á tákni. Það er stjórnenda að fylgja verkefnum um Málfríði og Stórfríði eftir.

Hér er læsisverkefnið sett þannig upp að leikskólakennarar eru settir í verkefnahópa sem síðan sjá um að vinna læsisverkefnið til barnanna og annarra kennara. Í starfendarannsókn þeirra Jóhönnu Einarsdóttur og Önnu Magneu Hreinsdóttur (2011) rannsökuðu þær einn leikskóla þar sem markmiðið var að fylgjast með hvernig hugmyndir um tengsl leiks og náms þróuðust hjá kennurum. Í niðurstöðum þeirra er meðal annars þessi lýsing: „Ritmálið varð sýnilegra í leiknum á þessum svæðum og við meira meðvitaðri um að spyrja þau og ýta undir tjáninguna, henni fannst hún einnig nýta leikinn markvissara til að ýta undir ritmál og tjáningu, m.a. búðarleikinn og kubbaleikinn.“

Með verkefninu Málfríði og Stórfríði er leitast við að leiðbeina kennurum og starfsfólki leikskóla A í rétta átt að læsi. Með þessu móti er leitast við að gera leikskólakennara öruggari í starfi líkt og kom fram í starfendarannsókninni hér að ofan.

### ***6.3 Tíu vikna lestrar- og skriftarkennsla***

Eins og áður hefur komið fram er tíu vikna lestrar- og skriftarkennsla eitt af því sem er sammerkt með þessum leikskólum. Þetta er tíunda árið sem leikskóli B er með þetta námskeið og leikskóli A er að klára þriðja árið sitt. Námið fer fram hálf tíma á dag, fjóra daga vikunnar. Grunnskipulag námskeiðsins byggir á aðferðarfræði Helgu Sigurjónsdóttur (2004) kennara, sem rak sinn eigin lestrarskóla í Kópavogi í mörg ár. Síðan hafa leikskólakennarar lagað og þróað kennsluaðferðina í samræmi við leikskólafræðin og Aðalnámsskrá leikskóla (2011). Einkum nýta þeir sér leik- og starfsgleði barna til að vekja áhuga og forvitni þeirra á lestri og skrift og leggja áherslu á að kenna hljóð og tákni stafanna. Til þess nota leikskólakennarar kennslugögn af ýmsum toga, eins og handbrúður, stóra og litla bolta, kertavax, hljóðfæri, hreyfingu og þrautabrautir svo eitthvað sé nefnt. Síðast en ekki síst finnst börnunum gaman að læra að lesa í vettvangsferðum sínum um bæjarfélagið.

## 6.4 *Sjónrænn orðalestur*

Við upphaf leikskólagöngu á sér stað mikið og stórt ferli fyrir tveggja ára barn sem er að byrja í leikskóla. Barnið er að hefja sína leikskólagöngu. Mikið nám á sér stað á fyrstu dögum aðlögunar barnsins. Þegar barnið fer að finna sig öruggt þá fara hlutirnir að ganga betur fyrir sig og nám barnsins að hefjast fyrir alvöru. Það er heilmikið nám fólgið í því að vita og þekkja hólfið sitt, geta fundið fötin sín og reyna að klæða sig í, sitja við borð með öðrum börnum og jafnvel deila hlutum með öðrum. Myndin á hólfi barnsins er oftast það fyrsta sem barnið þekkir og gefur því visst öryggi. Nafn barnsins er á hólfinu og fyrr en varir er barnið farið að benda á sinn staf og jafnvel reyna að hljóða hann. Þegar barnið fer að þekkja nafnið sitt sem er við hliðina á myndinni á hólfi þess gefur það því visst öryggi. Í rannsókn Bloodgood (1999) þar sem hann rannsakaði þriggja til fimm ára börn kom fram að þó yngstu börnin þekktu fáeina stafi og gátu aðeins lesið fá orð, þekktu þau yfirleitt sín eigin nöfn og stundum nöfn bekkjarfélaga sinna. Niðurstöður hans sýndu fram á að fyrstu stafirnir í nafni barnanna væru mikilvægustu táknin til að muna. Börnin þekktu einnig stafina í eigin nafni eina og sér. Þetta staðfestu svo Treiman og Broderick (1998), þar sem þeir segja að sum börn þriggja til fimm ára geti skrifað nöfnin sín en geti ekki nefnt neina stafi sem þau skrifuðu, sem sýnir að stafirnir sem þau skrifuðu voru í *sjónrænu minni* frekar en tákn fyrir hljóð (Ehri, 2002).

## 6.5 *Orðaspjall*

Haustið 2009 hófst í leikskóla B þróunarverkefnið *Bók í hönd og þér halda engin bönd*: Að efla mál og læsisþroska leikskólabarna með lestri bóka sem byggir á M.Ed verkefni Árdísar H. Jónsdóttur (2008) og er unnið í samvinnu við Rannsóknarstofu um þroska, mál og læsi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Verkefnið gefur möguleika á að vinna markvisst að því að auka orðaforða og hlustunarskilning tveggja til sex ára leikskólabarna. Aðferðin felst í stuttu máli í að kenna orð úr barnabókum í gegnum samræður og leiki. Þrátt fyrir að orðin kæmu að mestu úr barnabókum var stefnan fljótlega tekin á að flétta *Orðaspjallið* (Text talk) inn í allt starf leikskólans. Þar má nefna vettvangsferðir, þemastarf, matmálstíma og í samverustundum þegar lesið er fyrir börnin, þeim sagðar sögur og kenndar vísur og þulur. Orðin eru skrifuð á strimla og hengd upp á vegg í einhvern tíma en síðan sett í poka sem kallaður er orðabelgur og er hann oft tekin fram og leikið með orðin sem eru í honum.

Hér verður tekið eitt dæmi úr öðrum leikskólanum. Í febrúarmánuði voru fjögurra ára börn á leið í vettvangsferð með leikskólakennaranum sínum. Þegar hópurinn var lagður af stað brast skyndilega á með rigningu og roki en hálkublettir voru einnig á gangstéttinni. Börnin höfðu nýlega lært orðin *hugrakkur* og *huglaus*, *hálka*, *varlega* og sögnina *að hrasa*. Leikskólakennarinn stoppaði til að ræða við börnin hvort þau ættu að halda áfram og greip þá tækifærið til að nota orðin. „Hvað segið þið krakkar eigum við ekki bara að vera *hugrökk* og berjast á móti vindinum?“ Öll voru þau sammála um að vera *hugrökk* og alls ekki *huglaus* en allir urðu samt að fara *varlega* í *hálkunn*i og gæta sín á því *að hrasa* ekki. Ferðin gekk vel og það voru glöð og hress börn sem komu til baka eftir svaðilför í skrudgarðinn. Eftir ferðina var heilmikið rætt um hvað allir voru *hugrakkir*, að ekki hefði borið á *hugleysi*, allir farið *varlega* og enginn *hrasað* í *hálkunn*i. Þetta eru lýsandi dæmi um hvernig kennarinn notar orð sem hann hefur lagt inn í sögustund. Þannig æfast börnin í að nota þau í fjölbreyttu samhengi og málskilningur þeirra og tjáning verður betri.

Líkja má orðaspjalli við kenningu Ehri (2002) um sjónrænan orðalestur (e. Sigh word reading). Líkt og í orðaspjallinu þar sem orðin hanga upp á vegg í einhvern tíma og börnin sjá og skoða, talar Ehri um myndstig (e. prealphabetic phase) þar sem börnin lesa með því að muna sjónrænt.

## 6.6 *Læsinhvetjandi námsefni*

**Lubbi finnur málbein** eftir Þóru Másdóttur og Eyrúnu Ísfold Gísladóttur er skemmtileg bók og er ætluð til málörvunar og hljóðnáms fyrir fjögurra til sex ára börn en hefur einnig verið notuð fyrir tveggja til fjögurra ára börn. Bókin er notuð samhliða korti af Íslandi en Lubbi ferðast einmitt um Ísland þar sem hann leggur inn bókstafi ásamt hljóðum hvers stafs. Sérhvert málhljóð er kynnt með stuttri sögu eða örsögu sem börnin eru spurð út úr, ásamt skemmtilegri vísu um hvern staf eftir Þórarinn Eldjárn. Þegar stafur er lagður inn til dæmis B þá byrjum við á því að sækja hann Lubba sem er mjúkur hundur sem býr í körfu upp á skáp. Þegar Lubbi er búinn að heilsa öllum þá er örsaga lesin ásamt vísu um stafinn B úr Lubba bókinni. Næst er staðurinn *Bolungarvík* fundinn á kortinu en þangað fer einmitt Lubbi til að kenna börnunum stafinn B. Eftir þetta er töfrapokinn dreginn upp og börnin draga lítil spjöld upp úr pokanum, en allar myndirnar í töfrapokanum byrja á stafnum B eins og bolti, bók, bíll og svo framvegis. Að lokum

hlustar og horfir hópurinn á vísuna flutta af skólakór Kársness. Þessi kennsluaðferð hefur gefist mjög vel og er frábært að flétta saman fræðslu um landið við innlögn á staf.

**Sögupokar.** Báðir leikskólarnir hafa notað svonefnda sögupoka. Sögupokar gera söguna skemmtilegri með hlutum og dóti tengdu sögunni. Í hverjum sögupoka eru hlutir sem tengjast sögunni og eru notaðir til að ná meiri dýpt í söguna. Leikskólakennarinn nær þannig betur til barnanna og sagan verður meira lifandi. Það sem er spennandi við þetta form af sögum er einfaldleikinn. Ef hlutirnir eru ekki til sem á að setja í pokann eru þeir búnir til af börnunum. Sögupokarnir koma upphaflega frá Bretlandi en kennarinn og rithöfundurinn Neil Griffiths átti hugmyndina að sögupokunum (e. storysacks) en hann vildi gera lestrarupplifun meira lifandi og áhugaverðari fyrir börn og foreldra. Honum fannst of lítil metnaður lagður í að segja sögu og bjó þar af leiðandi til þetta form til að glæða söguna meira lífi.

**Vettvangsferðir og læsi.** Meginmarkmið útinámsins er að kenna börnum gagnrýna hugsun og ábyrgð, láta sig umhverfið varða og kynnast sínu nærsamfélagi. Verkefnið hefur undið upp á sig smátt og smátt og læsi fléttst inn í vettvangsferðirnar. Þegar ákveðinn stafur er lagður inn fer hópurinn af stað og finnur stafinn í nánasta umhverfi leikskólans. Þegar verið var að vinna með bókstafinn H í haust var farin vettvangsferð til að finna bókstafinn H í nánasta umhverfi í leikskólans. Börnin gengu *Hringbrautina*, fundu *Heilsuhúsið* og léku sér á *Hreystivellinum*, hoppuðu í sandinum, hífðu sig upp klifurgrindina og *húrruðu* sér niður. Þegar lagt var af stað til baka í leikskólann fóru þau að *Holtaskóla*, skoðuðu *húsið hennar Heklu* sem er á *Háholti* og sáu þar *hjólbörur*. Fleiri orð fundust í þessari vettvangsferð eins og *höfuð*, *heili*, *hendur*, *haust* og *hundakúkur*. Með þessu móti tengja leikskólakennarar útiveru og læsi saman. Joseph Cornell (1989) notaði vettvangsferðir sem leið til að kenna breiðum aldurshópi náttúrufræði og sýndi fram á hversu ákjósanleg útivera og umhverfið væri til náms. Leikskólinn hefur frá árinu 1997 verið að þróa útinám í vettvangsferðum.

**Bókalestur.** Eins og áður hefur komið fram skiptir miklu máli að auka orðaforða og efla hlustunarskilning barna, sem aftur eflir málskilning þeirra sem er undirstaðan í lesskilningi. „Bækur eiga ríkan þátt í að efla læsisvitund. Börn, sem alast upp við að nota bækur og að það sé lesið fyrir þau, njóta þess sem best telst og áhrifaríkast hvað varðar að auka skilning og næmi fyrir merkingu tungumálsins og blæbrigðum þess.



Börn sem þekkja bækur, öðlast jafnframt forskot á við aðra til að geta áttað sig á tilgangi og hlutverki ritmálsins.“ (Rannveig Jóhannsdóttir, 2011, bls. 4).

Í báðum leikskólunum skipa bækur öndvegi í leikskólasterfinu og eiga þeir gott safn af fjölbreyttum bókum. Bækurnar eru bæði inni á deildum/heimastofum og í alrými þar sem þau geta sest niður með bók í hönd. *Sófalestur*: Sófar eru inni á öllum deildum/heimastofum og er vinsælt hjá börnunum að setjast þar með bók í hönd og skoða þær eða láta leikskólakennarann lesa á hinum ýmsum tímum dagsins. Einnig er lesið í hópstarfstímum, samverustundum og hvíld. Barnabækur og fræðibækur um náttúruna eru teknar með í vettvangsferðir og þær lesnar og skoðaðar. Loðtöflusögur eru mikið nýttar og eru góð viðbót við bókina. Bókakoffort frá Bókasafni Reykjanesbæjar eru í leikskólunum með fjölbreyttum bókakosti og geta börnin fengið bækur lánaðar heim. Haldið er upp á Dag bókarinnar og Alþjóðlega bókadaginn með fjölbreyttum hætti til að vekja enn frekari áhuga barnanna á bókum. Til að vekja enn meiri áhuga á bókum er foreldrum, öfum og ömmum ásamt þekktum einstaklingum úr bæjarfélaginu boðið að heimsækja leikskólann og lesa til dæmis fyrir börnin úr uppáhalds barnabókinni sinni og spjalla við börnin um bókina og ýmislegt fleira. Ein áhrifaríkasta leiðin til að efla læsi og skilja hlutverk ritaðs máls er að lesa upphátt fyrir börnin (Rannveig Auður Jóhannsdóttir, 1996).

**Sögugrunnur** eftir Guðrínu Sigurgeirsdóttur og Rannveigu Oddsdóttur (2005) er hugsaður sem námstæki til að örva málþroska, læsi og til að hjálpa börnum við sögugerð með því að nota leik sem kennsluáferð. Með aðferðinni er hægt að tengja saman hugsun og mál á hlutbundinn hátt. Í sögugrunninum eru 120 myndaspjöld, jafnmargar prentaðar orðmyndir sem tengjast þeim og lausir stafir stafrófsins. Myndaspjöldin flokkast í: Persónur, dýr, byggingar, farartæki, hluti og leikföng, umhverfi og veður. Þetta efni er meðal annars notað þannig að barn velur eina mynd úr hverjum flokki og raðar þeim á töflu. Það semur síðan sögu út frá myndunum sem það valdi og segir hópnum sínum söguna.

**Tölvur** eru í boði fyrir börnin í báðum leikskólunum og hafa þau aðgang að ýmsum tölvuleikjum sem efla hljókerfisvitund og hljóðvitund. Þar má nefna leikina *Lærum og leikum með hljóðin* eftir Bryndísi Guðmundsdóttur talmeinafræðing, *Glói geimvera á*

*lestrareyju, Stafakarlararnir* eftir Bergljótu Arnalds, *Lubbi finnur málbeinið* eftir Þóru Másdóttur og Eyrúnu Ísfold Gísladóttur. Stundum er boðið upp á leiki sem náð er í á netinu eins og *Innipúkann* sem er verkefni frá Umferðarráði. Leikskólakennarar aðstoða börnin í þessum tölvuleikjum.

**Ótrúleg eru ævintýrin** eftir Sigríði J. Þórisdóttur (1993). Markmið námsefnisins er að efla málvitund, auka orðaforða og málskilning. Einnig að efla hlustun, frásögn, samræður og löngun til lesturs og ritunar. Efnið kemur í kassa sem jafnan er kallaður „töfrakassinn“ Í kassanum eru myndaspjöld, sagnahefti, hljóðsnælda ásamt kennslubók. Stórt vasateppi fylgir þar sem hægt er að setja í vasana renninga með texta á og myndir. Í kassanum eru algengar íslenskar vísur og sögur til dæmis Búkolla, Gilitrutt, Sigga og köngulóin og Eggjakarlinn. Þetta er mjög gott námsefni þar sem það vekur nemendur til umhugsunar ásamt því að þjálfar börnin í gagnrýnni hugsun.

**Lærum og leikum með hljóðin** er námsefni eftir Bryndísi Guðmundsdóttur (2008) talmeinafræðing. Efnið er faglega unnið, myndirnar glaðlegar og skemmtilegar og höfða mjög vel til allra barna. Námsefnið er í þremur öskjum. Í hverri öskju eru spjöld með myndum á. Í námsefninu er lögð áhersla á hljóðið fremur en táknið og fjölbreytt verkefni sem tengja saman sjón, hljóð og tákni. Þetta er mjög örvandi námsefni sem eflir hljóðvitund barna en eins og áður hefur komið fram þá er hún einn mikilvægasti þátturinn þegar kemur að því að læra að lesa. Þessar bækur henta öllum börnum sem eru að byrja að læra máhljóðin og eru einnig frábær hjálpartæki fyrir þau sem lenda í erfiðleikum með hljóðmyndun og þurfa markvissa viðbótarþjálfun. Mjög góður geisla-diskur fylgir og geta börnin hlustað á hvað stafirnir segja ásamt orðum sem tilheyrja hverjum staf.

## **6.7 Samantekt**

Námsefnið sem hefur verið nefnt í þessari ritgerð inniheldur allt læsishvetjandi þætti þar sem leikurinn er virkjaður til að kenna börnunum undirstöður lesturs og hefur reynst vel í leikskólunum sem hér eru til skoðunar.

Áhugi barnanna er það sem skiptir máli, kennarinn verður að vekja áhuga barnsins með því að vera sjálfur virkur í leiknum. Hvort sem kennarinn setur upp brúðuleikrit eða búðarleik er það alltaf áhugi barnsins sem skiptir mestu máli.

## 7 Niðurstöður

Tilgangur verkefnisins er að varpa ljósi á læsi í leikskóla. Lélegar niðurstöður nemenda í Reykjanesbæ í PISA könnun hvöttu höfunda til að ígrunda og skoða hvers vegna niðurstöður í íslensku væru lægri þar miðað við landsvísu og hvað væri hægt að gera til að bæta námsárangur. Leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins og því kjörinn grundvöllur til að hefja veg að góðri íslenskukennslu barna.

Leikskóli er samfélag, sem margir aðilar koma að og þar er barnið ávallt í brennidepli. Leikskólinn hefur þróast frá því að vera skjól fyrir börn þar sem þeim er veitt tilfinninga- og líkamleg umhyggja í það að vera annarsveggar menntastofnun og hinsveggar þjónustustofnun. Allt nám sem fer fram í leikskólanum er veganesti sem fylgir barninu áfram. Leikurinn er námsleið barnsins og er alltaf að koma betur í ljós áhrifamáttur leiksins sem námsleið innan leikskólans. Leikskólakennarinn þarf að vekja áhuga barnsins á námsefninu og vera vakandi varðandi þroska hvers barns, gera athuganir og skráningar þannig að auðveldara reynist að fylgja barninu eftir hvað varðar þroska þess. Til þess að ná fram öllum námsþáttum í leikskólastarfinu er unnið eftir Aðalnámskrá leikskóla. Hver leikskóli á að gefa út skólanámsskrá sem byggir á Aðalnámskrá. Hlutverk leikskólakennarans er að tengja námskrána og leikinn og kynna nýja möguleika. Eins og áður hefur komið fram á námskráin að vera svo virk í leikskólanum að hún sé „í veggjum“ skólans.

Margir fræðimenn hafa skoðað og rannsakað leikskólann. Þeir fræðimenn sem um er getið í ritgerðinni hafa mismunandi skoðanir þar sem barnið er í brennidepli sem og nám þess og þroski. Jean Piaget skipti greindarþroskanum í fjögur stig á meðan John Dewey taldi að börn öðluðust mestu reynsluna með því að framkvæma, vera virk og skapandi. Vygostky leit á leikinn sem félagslegt úrræði þar sem nám og þroski færi fram. Það er leikskólakennarans að framkalla áhugann með því að gera námskrána það virka að hún sé „í veggjum“ leikskólans. Leikurinn er frábært námstæki og nýtist leikskólanum vel. Líkt og Birgitta Knutsdóttir Olafsson komst svo vel að orði er hún sagði að leiksins eðli væri að umbreyta raunveruleikanum í eitthvað annað (1992).

Samkvæmt Aðalnámskrá skal leikurinn vera kjarninn í leikskólastarfinu. Í gegnum leikinn kennir leikskólakennarinn og er leikurinn talinn besta kennsluáðferðin. Máttur hlutverkaleiksins er mikill en það er í gegnum hann sem börnin fá tækifæri til að

skilja lestur og skrift. Með góðu námsefni líkt og *Orðaspjalli* sem örvar orðaforða og hlustunarskilning, *Lubba* sem kennir börnunum hljóðin með aðstoð hundsins Lubba og ferðast hann um Ísland og *Lestrar og skriftarhvetjandi umhverfi* þar sem stafrófið er sýnilegt í umhverfi barnsins. Margir fræðimenn sem hafa rannsakað læsisþróun barna hafa komist að þeirri niðurstöðu að hljóðkerfisvitundin sé ein af grunnforsendum að lestrarferlinu og leggi jafnframt grunn að þróun læsis hjá börnum. Ehri (2002) kallar læsisþróun „þróun sjónræns orðaforða“ og skiptir honum í fjögur stig sem kallast myndstig, ófullkomið bókstafsstig, fullkomið bókstafsstig og samtengt bókstafsstig. Sjónrænn orðalestur kemur fram þegar barnið sér stafi/merki í umhverfinu, og það telur sig geta „lesið“ og jafnvel skrifað það sem það sér þó svo það viti ekki hvað stafirnir heita.

Þróun læsis hjá barni hefst löngu áður en það byrjar í leikskólanum og tekur síðan breytingum alla ævi og þá í samspili við umhverfið. Margar rannsóknir hafa verið gerðar á þróun læsis hjá börnum. Ein er sú spurning hvort íslenskir leikskólar séu að fara offari í lestrarkennslu í leikskólum. Hvergi kemur fram í nýrri aðalnámskrá leikskóla (2011) að kenna skuli lestur í leikskólum. Þar segir aftur á móti að nám barna skuli fara fram í gegnum leikinn.

Samkvæmt Rannveigu Auði Jóhannsdóttur (1996) er læsi færni sem byggist meðal annars á tali, hlustun, lestri og ritun. Að efla læsi á leikskólastigi er grunnur að öllu frekara námi og þroska hjá barninu.

Líkt og kom fram hér að framan þá var það slakt gengi íslenskra barna í PISA könnun sem varð kveikjan að ritgerðinni. Foreldrar eru farnir að gera meiri kröfur á það nám sem fer fram innan veggja leikskólans. Allir leikskólar eru með metnaðarfullt starf innan sinna veggja þar sem nám fer fram í gegnum leikinn samkvæmt skólanámsskrá hvers leikskóla. Markmið læsis í leikskóla er ekki að gera börnin læs í leikskólanum heldur að vinna með hið talaða orð eða málið okkar og jafnframt að gera börnin öruggari fyrir komandi ár.

Á ráðstefnu um læsi sem haldin var í Háskóla Íslands 2010 sagði Hrafnhildur Ragnarsdóttir prófessor að mál og læsi væru enn undirstöður menningar í þekkingar-samfélagi nútímans og að læsi sé nú flóknara en áður en það sé það sem nemendur þurfi að búa yfir við lok grunnskólans. Kennarar þurfi því að geta kennt læsi við breyttar aðstæður. Þessi orð segir

## 8 Lokaorð

Leikskóli er samfélag þar sem margir aðilar koma við sögu. Hvernig nám í leikskóla fer fram fer eftir áherslum hvers leikskóla en öllum leikskólum er skylt að starfa eftir Aðalnámskrá. Líkt og höfundar nefndu í inngangi ritgerðarinnar þá voru það niðurstöður PISA-könnunnar sem fengu höfunda til að kynna sér læsi þá með tilliti til þáttar leikskólans. Hvað er hægt að gera í samfélaginu til að bæta slakan námsárangur unglinga. Byrgjum brunninn áður en barnið dettur ofan í hann er gamall málsháttur sem segir okkur nákvæmlega það sem vakti fyrir höfundum að hefja markvissa vinnu varðandi læsi barna í leikskólanum og gera barnið þannig betur undirbúið fyrir næsta skólastig. Markmið læsis í leikskóla er ekki að gera börnin læs í leikskólanum heldur að vinna með hið talaða orð eða málið okkar, efla hljóðkerfisvitund barna og auka þar með orðaforðann.

Stundirnar sem við höfundar höfum átt saman við að rýna okkur til gagns um læsi og flest allt er viðkemur læsisþættinum eru búnar að vera ótal margar. Þó nokkrar rannsóknir hafa styrkt trú höfunda á því að það er vinnandi vegur að laga slakar niðurstöður PISA- könnunnarinnar með því að vinna á markvissan hátt með móðurmálið í leikskólanum. Líkt og segir hér framur þá er þetta samfélagsverkefni, skólayfirvöld þurfa að sameinast í bættri móðurmálskennslu á öllum skólastigum.

Það verður fróðlegt að sjá niðurstöður PISA- könnunnarinnar eftir tíu ár. Hvaða árangri hefur áttak leikskólanna í Reykjanesbæ þá skilað í markvissri vinnu þeirra við að auka málskilning, orðaforða og læsi nemenda sinna?

## Heimildaskrá

- Aldís Unnur Guðmundsdóttir. (2007). *Þroskasálfræði. Lengi býr að fyrstu gerð*. Reykjavík: Mál og Menning.
- Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir. (2002). HLJÓM-2. *Athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna*. Handbók. Reykjavík: Höfundar.
- Anna Elísa Hreiðarsdóttir. (2010). Ritun í leikskóla. Í Helga Ólafsdóttir og Helga Proppé (ritstjórar), (bls. 15-21). Þjóðarspejillinn, Rannsóknir í félagsvísindum XI. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 19. febrúar 2012 af [http://skemman.is/is/stream/get/1946/6818/18588/1/15-21\\_AnnaElisaHreidars\\_FELMANbok.pdf](http://skemman.is/is/stream/get/1946/6818/18588/1/15-21_AnnaElisaHreidars_FELMANbok.pdf).
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (2011). Leikur og læsi í leikskólum. *Netla-Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 29. janúar 2012 af <http://netla.khi.is/greinar/2011/alm/005.pdf>.
- Árdís Hrönn Jónsdóttir. (2008). „*Bók í hönd og þér halda enginn bönd*“. *Að efla mál- og læsisprosa*. Óbirt M.Ed.ritgerð í menntunarfræðum við Háskóla Íslands.
- Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir. (2000). Mál-lestur. Í Heimir Pálsson (ritstjóri), *Lestrabókin okkar - greinarsafn um lestur og læsi*. (bls.39-49). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands og Íslenska lestrarfélagið.
- Berk, L. og Winsler, A. (1995). *Scaffolding children's learning. Vygotsky and early childhood education*. Washington: National Association for the Education of Young Children.
- Bloodgood, J.W. (1999). What's in a name? *Children's name writing and name acquisition. Reading Research Quarterly*, 34 (3), 342-367.
- Bransford, J., Brown, A., og Cocking, R. (2000). *How people learn: Brain, mind, experience, and school*. Washington, DC: National Academic Press.
- Bryndís Guðmundsdóttir. (2008). *Lærum og leikum með hljóðin*. Reykjavík: Höfundur.
- Burgess, S.R.(2006). The development of phonological sensitivity. Í D.K. Dickinson og S.B. Neumann (ritstjórar), *Handbook of Early Literacy Research, Volume 2*. New York: Guilford Press.
- Cornell, J. (1989). *Sharing the joy and nature*. Nevada City: Dawn Publications.
- Cuffaro, H. K. (1995). *Experimenting With the World: John Dewey and the Early Childhood Classroom*. New York: Teachers College Press.

- Dewey, J. (2000). *Hugsun og menntun*. (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Ehri, L.C.(2002). Reading processes, acquisition and instructional implications. Í G. Reid og J. Wearmouth (ritstjórar), *Dyslexia and literacy: Theory and practice*. (bls. 167-185). Chichester: John Wiley & sons.
- Ehri, L. C. (2005). Development of sight word reading: Phases and findings. Í M.J. Snowling og C. Humle (ritstjórar), *The science of reading: A handbook*. (bls. 135-154). Malden: Blackwell Publishing.
- Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir. (2009). *Lubbi finnur málbein. Íslensku málhljóðin sýnd og sungin*. Reykjavík: Mál og menning.
- Félag leikskólakennara. (2011). *Kjarasamningar, starfslýsingar*. Sótt 17. mars 2012 af <http://fl.ki.is/?PageID=1188>.
- Frith, U. (1985). Beneath the surface of developmental dyslexia. Í K. Patterson, M. Coltheart, J. Marshall (ritstjórar), *Surface Dyslexia* (bls. 301-330). London: Routledge & Kegan- Paul.
- Freyja Birgisdóttir. (2010). Einstaklingsmunur og þróun læsis hjá fjöggra til sjö ára börnum. *Netla-Veftímarit um uppeldi og menntun. Menntakvika 2010*. Sótt 25. janúar 2012 af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/010.pdf>
- Greinargerð Samráðsnefndar leikskóla um niðurstöður málþings um stöðu leikskólans í samfélaginu (2007). Sótt 5. apríl 2012 af [http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf\\_skjol/utgafur/leikskolar/ymislegt/Greinarger\\_ um\\_stodu\\_leikskola\\_i\\_samf..pdf](http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/utgafur/leikskolar/ymislegt/Greinarger_ um_stodu_leikskola_i_samf..pdf)
- Guðrún Sigurgeirsdóttir og Rannveig Oddsdóttir. (2005). *Sögugrunnur. Námsfni til sögugerða*. Reykjavík: Höfundar. Sótt 13. mars 2012 af <http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/fjoldemningileikskola/Soegugrunnurinn.pdf>.
- Golinkoff, R. M., Hirsh-Pasek, K. Og Singer, D. G. (2006). Why play = learning: A challenge for parents and educators. Í D. G. Singer, R. M. Golinkoff og K. Hirsh-Pasek (ritstjórar), *Play = learning: How play motivates and enhances children's cognitive and social-emotional growth*. New York: Oxford University Press.
- Griffiths, N. *Storysacks* sótt 15. febrúar 2012 af <http://www.storysack.com>.
- Halldóra Magnúsdóttir. (2008-2009). *Ársskýrsla Vesturbergs*. Reykjanesbær: Vesturberg.
- Helga Sigurjónsdóttir. (2004). *Hljóð og stafir. Lestur, skrift, réttritun*. Reykjavík: Höfundur.

- Hoover, W.A. og Gough, B.P. (1990). The simple view of reading. *Reading and Writing*, 2(2), 127-160.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (1987). Vangaveltur um máltöku og lestrarnám. Í Indriði Gíslason og Guðmundur B. Kristmundsson (ritstjórar), *Ritröð Kennaraháskóla Íslands og Iðunnar*. Reykjavík: Iðunn.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2004). Málþroski barna við upphaf skólagöngu: Sögubýgging og samloðun 165 fimm ára barna: Almenn einkenni og einstaklingsmunur. *Uppeldi og menntun*, 13(2), 9-31.
- Hulme, C., og Snowling, M.J. (2009). *Developmental disorders of language learning and cognition*. West Sussex: Wiley-Blackwell.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2007). *Lítill börn með skólatöskur. Tengsl leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Reynsla og nám barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki. Menntun, reynsla og lýðræði*. (bls. 57-72). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir. (2011). Við hugsum kannski meira um námið sem leikurinn felur í sér. Starfendarannsókn um tengsl leiks og læsis í leikskóla. *Netla-Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 13. febrúar 2012 af <http://netla.khi.is/greinar/2011/ryn/007.pdf>.
- Jóhanna Einarsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Amalía Björnsdóttir. (2011). Langtímarannsókn á forspárgildi athugana á málþroska. Frá leikskólaaldri til fullorðinsára. *Netla-Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 27. janúar 2012 af <http://netla.khi.is/greinar/2011/ryn/006.pdf>.
- Jón Torfi Jónasson. (2006). *Frá gæslu til skóla, um þróun leikskóla á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa um menntakerfi. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Lög um leikskóla* nr. 14/2008.
- Lög um leikskóla* nr. 2/2008.
- Lög um leikskóla* nr. 78/1994.
- Lög um leikskóla* nr. 90/2008.
- Lög um leikskóla* nr. 48/1991.
- Malaguzzi, L. (1988). *Börn hafa hundrað mál*. (Aðalsteinn Davíðsson þýddi). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.



- Menntamálaráðuneytið. (*Aðalnámskrá leikskóla*. (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. *Aðalnámskrá leikskóla*. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla-Markmið og leiðir* (1985). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið
- Menntamálaráðuneytið. *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla-Markmið og leiðir* (1993). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Olofsson, B. K. (1992). *Skal vi lege*. Kaupmannahöfn: Forlaget Börn & Unge.
- Otto, B. (2010). *Language development in early childhood*. (3. útgáfa). New Jersey: Pearson.
- Paul, R. E. (2006). *Language disorders from infancy through adolescence: assessment and intervention*. St. Louis: Mosby.
- Rannveig Auður Jóhannsdóttir. (1996). *Þjálfun móðurmáls hjá elstu börnum í leikskóla og byrjendum í grunnskóla*. Reykjavík: Höfundur.
- Rannveig Jóhannsdóttir. (2011). Skrifna nafnið sitt í leikskóla og lesa í grunnskóla. Um þróun í læsi á meðal barna við lok leikskólagöngu. *Netla-Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 1. maí 2012 af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/023.pdf>
- Riley, J. og Reedy, D. (2000). *Developing writing for different purposes*. London: Paul Chapman Publishing Ltd.
- Scarborough, S.H. (2002). Connecting early language and literacy to later reading (dis)abilities: Evidence, theory, and practice. Í D.K. Dickinson og S.B. Neuman (ritstjórar), *Handbook of Early Literacy Research*. (bls. 97-110). New York: The Guilford Press.
- Sigríður Þ. Valgeirsdóttir. (1993). *Læsi íslenskra barna*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, Rannsóknarsóknarstofnum uppeldis- og menntamála og Kennaraháskóli Íslands.
- Sigríður J. Þórisdóttir. (1993). *Ótrúleg eru ævintýrin: Sögur og vísur til málörvunar*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- UNESCO Education Sector. (2004). *The plurality of literacy and its implications for policies and programs: position paper*. Sótt 13 febrúar 2012 <http://www.unesco.org/new/en/education/themes/education-building-blocks/literacy/>.
- Valborg Sigurðardóttir. (1992). Leikurinn-sjálfstjórning og sjálfsnám. Í Hrafnhildur Sigurðardóttir, Selma Dóra Þorsteinsdóttir, Svandís Skúladóttir (ritnefnd), *Leikur*

*og leikgleði. afmælisrit helgað Valborgu Sigurðardóttur*, (bls. 47-62). Reykjavík: Fóstrufélag Íslands.

Valborg Sigurðardóttir. (1989). *Myndsköpun ungra barna, frá kroti til táknmynda*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Wood, E. og Attfield, J. (2005). *Play, learning and the early childhood curriculum*. London: Paul Chapman.

Wood, M. og O'Donnell, M.P. (1992). *Becoming a reader: A developmental approach to reading instruction*. Boston: Allyn and Bacon.

Þóra Kristinsdóttir. (2000). Að lesa ...list er góð. Í Heimir Pálson (ritstjóri), *Lestrarbókin okkar: greinasafn um lestur og læsi*. (bls. 185-198). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands og Íslenska lestrarfélagið.